

Ríkisútvarpið ohf.

Garðabær, 25. júní 2025

202506-0018/I.M.B.

10.00

Fararleyfi til Akureyjar

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Ríkisútvarpið ohf., dagsett 3. júní 2025 um leyfi til landtöku í Akurey á tímabilinu 11.-13. Júlí 2025.

Akurey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 470/2019](#). Óheimilt er að fara í land í Akurey nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar og Reykjavíkurborgar. Rannsóknir, aðrar en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar og Reykjavíkurborgar. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Fyrirhugað er að vinna fréttæfni um fuglalíf Akureyjar með fréttamanni og myndatökumanni. Tekin verða viðtöl við vísindamenn við störf í eyjunni. Farið verður með rannsóknarleiðangri Náttúrustofu Suðurlands sem fyrirhugaður er dagana 11.-13. júlí 2025.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið jákvætt, þar sem það mun stuðla að aukinni meðvitund almennings um verndargildi og viðkvæmni Akureyjar og um þær reglur sem þar gilda. Áætlað er að ganga meðfram ströndina en lundaholur eru mjög viðkvæmar. Þar sem ekki er áætlað nota dróna, mun verkefnið ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi eyjunnar sé farið eftir leiðbeiningum sérfræðinga og skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Ríkisútvarpinu ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir fararleyfi til Akureyjar sbr. lýsingu hér að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en farið er til Akureyjar.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber að hlíta fyrirmælum landvarðar.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Taka skal fram í umfjöllun um Akurey að leyfi hafi fengist frá Náttúruverndarstofnun fyrir landtöku í eyjunni.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með leiðangrinum. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllst

René Biasone

svæðissérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur